



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

27. febrúar 2009

Ákvörðun nr. 8/2009

### **Aðgerðir til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði IP-fjarskipta ehf.**

#### **I.**

#### **Málsatvik**

Þann 7. janúar 2009 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit á starfsstöðvum Teymis hf., Og fjarskipta ehf. (hér eftir Vodafone) og IP-fjarskipta ehf. (hér eftir Tali). Stuttu síðar tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009 *Meint brot Teymis hf., Og fjarskipta ehf. og IP-fjarskipta ehf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæðum samkeppnislaga* vegna sennilegra brota Teymis, Vodafone og Tals á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið taldi m.a. sennilegt að Teymi hefði dregið úr samkeppnislegu sjálfstæði Tals og af þeim sökum var í ákvörðunarorðum mælt fyrir um að fulltrúar Teymis, þ.e. Þórdís J. Sigurðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson, skyldu víkja úr stjórn Tals eigi síðar en föstudaginn 30. janúar 2009 sem og að Samkeppniseftirlitið myndi tilnefna óháða einstaklinga í þeirra stað.

Með hluthafafundi í Tali þann 6. febrúar 2009 viku fulltrúar Teymis úr stjórn Tals og óháðir einstaklingar, tilnefndir af Samkeppniseftirlitinu, voru skipaðir í stjórn Tals í þeirra stað. Var einn af hinum óháðu stjórnarmönnum kosinn stjórnarformaður Tals.

Þann 11. febrúar 2009 tilkynntu viðkomandi stjórnarmenn um úrsögn sína úr stjórninni. Ástæður sem þeir tilgreindu fyrir úrsögn sinni úr stjórn Tals voru aðgerðir og háttsemi Teymis sem hafi beinst gegn þeim. Rituðu þeir greinargerð þar sem tilgreindur var með nákvæmum hætti aðdragandi og ástæður þess að þeir tóku ákvörðun um úrsögn sína. Töldu þeir sig ekki geta haldið áfram að starfa sem stjórnarmenn Tals.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 11. febrúar 2009, var Teymi kynnt að til skoðunar væri hjá stofnuninni hvort aðgerðir Teymis gagnvart hinum óháðu stjórnarmönnum færu í bága við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og markmið ákvörðunar stofnunarinnar til bráðabirgða nr. 1/2009. Var Teymi gefinn kostur á að tjá sig um framangreint. Í athugasemdum Teymis var því mótmælt að tilefni væri til frekari aðgerða af hálfu Samkeppniseftirlitsins vegna atburða er vörðuðu hinu óháðu stjórnarmenn.



## II.

### Niðurstaða

Undir meðferð máls þessa hefur Teymi fallist á að lúta tilteknu tímabundnu fyrirkomulagi sem er í samræmi við markmið fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, þ.e. að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Tals.

Mælt er fyrir um það í ákvörðunarorðum að Teymi kjósi fyrir sitt leyti í stjórn Tals óháða einstaklinga, þ.e. einstaklinga sem hafa ekki hagmunatengsl við Teymi, og skal val þeirra borið undir Samkeppniseftirlitið til samþykktar. Þá hefur Teymi skuldbundið sig til að grípa ekki til neinna ráðstafana í krafti eignarhlutar síns eða atkvæðavægis á hluthafafundum sem eru til þess fallnar að draga úr sjálfstæði stjórnarmanna eða hafa áhrif á störf stjórnar Tals. Að lokum lýsir Teymi því yfir að félagið muni ekki grípa til neinna ráðstafana sem raskað geta samkeppnislegu sjálfstæði IP-fjarskipta ehf. í andstöðu við fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins.

### Ákvörðunarorð:

**„Teymi hf. hefur lýst því yfir að félagið fallist á að hlíta eftirfarandi fyrirmælum Samkeppniseftirlitsins á meðan ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009 er í gildi:**

#### 1.

**Haldinn skal hluthafafundur í IP-fjarskiptum ehf. þar sem af hálfu Teymis hf. skulu kosnir í stjórn félagsins tveir óháðir einstaklingar, þ.e. einstaklingar sem hafa ekki hagmunatengsl við Teymi hf., í stað þeirra stjórnarmanna sem sögðu sig úr stjórninni þann 11. febrúar 2009. Skal val umræddra einstaklinga vera borið undir Samkeppniseftirlitið áður til samþykktar. Skal umræddur hluthafafundur vera haldinn eigi síðar en 3. mars nk.**

#### 2.

**Um réttindi og skyldur hinna óháðu stjórnarmanna fer samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þ. á m. um heimildir þeirra til þess að taka ákvarðanir um hagsmuni félagsins. Skulu þeir jafnframt starfa í samræmi við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 sem og í samræmi við markmið ákvörðun stofnunarinnar til bráðabirgða nr. 1/2009.**

#### 3.

**Teymi hf. er óheimilt að beita atkvæðavægi sínu eða eignarhlut í IP-fjarskiptum ehf. til þess að hafa áhrif á störf stjórnar félagsins. Teymi hf. lýsir því jafnframt yfir að það mun ekki grípa til neinna ráðstafana sem raskað geta samkeppnislegu sjálfstæði IP-fjarskipta ehf. í andstöðu við ákvörðun nr. 36/2008 og ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009.**



**4.**

**Ákvörðun þessi gildir til 1. september 2009. Brot á henni varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson